



BLÓMSTRANDI KVIKMYNDAIÐNAÐUR

Innra mat: Greining á þátttöku KVÍ útskrifaðra í íslenskum bíómyndum 2018



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR OG NIÐURSTÖÐUR

FORMÁLI

1. GREINING

Myndir í keppni um framlag Íslands til Óskarsverðlauna

Upplýsingaöflun

2. NIÐURSTÖÐUR GREININGAR

Hlutfall útskrifaðra í starfliðum

Starfsheiti og skipting útskrifaðra í vinnsludeildir bíómynda

Skipting KVÍ útskrifaðra starfsmanna eftir deildum skólans

Skipting KVÍ útskrifaðra starfsmanna eftir valdsviði

Úskriftarár KVÍ menntaðra starfsmanna í bíómyndaframleiðslu 2018

3. NIÐURSTÖÐUR, ÁLYKTANIR OG VÍSBENDINGAR

Góð uppskera KVÍ. Starfsemin skapar festu og vöxt

Nákvæmni í hönnun námskrár, skilar sér í sérhæfingu

Fyrirstöður í námsferlum nemenda

4. ÚRBÓTAÁÆTLUN

EFTIRMÁLI

INNGANGUR & NIÐURSTÖÐUR

Markmið þessa innra mats er að kanna atvinnuþátttöku útskrifaðra nemenda Kvikmyndaskóla Íslands í íslenski bíómyndagerð árið 2018

Meginniðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Útskrifaðir nemendur KVÍ sinntu 26% af störfum við vinnslu bíómynda 2018.

Beint samband er á milli þeirra deilda sem nemendur útskrifast af og þeirra sérsviða sem þeir ráða sig til. Allar deildir eru virkar og jöfn dreifing er á milli árganga.

24% meðaltalsaukning hefur verið í framleiðslu íslenskra bíómynda á þeim 10 árum sem skólinn hefur starfað í núverandi fjögurra deilda kerfi.

Mikilvægi KVÍ nemenda er ótvírætt gagvart því að skapa festu og vöxt í greininni.

Mjög mikilvægt er að komið sé á greiðri leið til framhaldsnáms fyrir útskrifaða nemendur skólans.

FORMÁLI

Níu leiknar bíómyndir kepptu um að verða framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna þetta árið. Það gera sér ekki allir grein fyrir því hversu há þessi tala er.

Miðað við hinn margfræga fólksfjölda, sem á reyndar mjög vel við í þessu tilfelli þar sem hann er sterkur áhrifavaldur á magn framleiðslu, þá sprengja Íslendingar alla skala í bíómyndagerð.

FRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI

Í HLUTFALLI VIÐ AÐRAR ÞJÓÐIR

LAND	ÍBÚAFJÖLDI	FJÖLDI MYNDA Á ÁRI	STÆRÐARMUNUR (X)	FRAMLEIÐSLA M.V. ÍSLENSKA HÖFÐATÖLU
Ísland	338.000	9		
Danmörk	5.750.000	26	17	153 / 6x
Þýskaland	82.000.000	226	243	2.187 / 10x
Bandaríkin	327.000.000	790	967	8.703 / 11x
Nígería	197.000.000	997	583	5.247 / 5x
Indland	1.354.000.000	1.986	4.006	36.000 / 18x
Kína	1.415.000.000	686	4.186	37.000 / 55x

Þetta vekur athygli víða, m.a í skýrslum Unesco sem safnar upplýsingum um innlenda bíómyndaframleiðslu í öllum löndum heims. Þessi örþjóð lætur mikið að sér kveða í kvikmyndalistinni, því stærsti hluti myndanna fer líka í sýningar erlendis, þar sem verðlaun og viðurkenningar skipta tugum á hverju ári. Enda halda kvikmyndagerðarmenn því fram með góðum rökum að ferðamannaíðnaðurinn eigi íslenskri kvikmyndagerð gæfu sína að þakka. Árangur íslenskra bíómynda og stöðugt magn gæðaframleiðslu er verulega eftirtektarvert atriði.

Það er eitthvað í kvikmyndagerð sem fellur að menningu Íslendinga; sambland listsköpunar og viðskipta, unnið er stöðugt að nýjum verkefnum sem hafa upphaf og endi, tarnavinna, mikill ávinningur ef vel tekst til, löngun til að segja segja sögur, djúpstæður menningararfur og einstök umgengni við kvikmyndalistina. En Íslendingar hafa farið meira og oftar í bíó en allar þjóðir heims allt frá því að reglubundnar sýningar hófust í Reykjavík árið 1906 (Bíó Petersen – Reykjavíkur Bíógraftheater).

Á síðasta áratug hefur einnig orðið margföldun í þjónustu við erlend kvikmyndafyrirtæki sem kjósa að vinna verkefni sín hér á landi. Þessi grein iðnaðarins byggir á gömlum merg áratugi aftur í tímann. Frumkvöðlar eins og Jón Þór Hannesson, stofnandi Saga Film nú hjá Republik, Snorri Þórissonar hjá Pegasus og margir fleiri sem byggðu upp menningu og hátt þjónustustig fyrir erlend kvikmyndafyrirtæki, sem hægt var að þróa áfram þegar Hollywood verkefnið riðu yfir með Tom Cruise í broddi fylkingar. Verkefni af þeirri stærðargráðu sem fyrirtæki eins og True North, Kukl og


ýmis fleiri hafa sinnt á síðustu árum, er raunverulegur hátækniðnaður á alþjóðlegum mælikvarða þar sem gerðar eru hámarkskröfur til allra þátta framkvæmdarinnar.

Þá verður að nefna þáttaseríurnar. Það fyrisjáanlega hefur gerst, með nánast takmarkalausri stækkun dreifileiða fyrir kvikmyndaefni, að nú vantar stöðugt fleiri klukkutíma af vandaðri framleiðslu. Þess vegna hefur þróast hratt sú grein iðnaðarins í heiminum sem framleiðir langar þáttaseríur. Stór hluti þeirra er af mjög háum gæðum. Þetta er viðbótarefni þar sem engin fækkun verður í framleiðslu hefðbundinna bíómynda í fullri lengd. Þetta á við á heimsvísu og íslenskur iðnaður hegðar sér eins.

Á sama hátt og í þjónustuhluta iðnaðarins þá hafa merkir frumkvöðlar starfað á þessu sviði, t.d. Ágúst Guðmundsson með *Nonna og Manna*, seint á síðustu öld. Leikin þáttasería sem náði miklum vinsældum í Þýskalandi og reyndar allri Evrópu. Íslendingar hafa tekið hratt við sér á síðustu árum og þar hefur Baltasar Kormákur með seríuna *Ófærð* verið í forystu. Sýning á þeirri þáttaröð á stóru sjónvarpsstöðvunum á meginlandi Evrópu á besta sýningartíma, ásamt því að komast í sýningar í Mekku sjónvarpsiðnaðarins í Bretlandi, er meiri heiður og stærra viðskiptatækifæri en flesta grunar. Margir fylgja á eftir og framleiðslan er að stórauðkast og fer líklega í 4 til 8 seríur á ári, meðal annars vegna virkrar innkomu RÚV undir stjórn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, sem hefur metnað fyrir þennan hluta sjónlistar. Leiknar þáttaraðir hafa verið 2 til 4 á síðustu árum, en vænta má þess að það magn tvöfaldist innan skamms tíma.

FRAMLEIÐSLA 2008 - 2017

KVIKMYNDIR, MYNDBÖND OG SJÓNVARPSEFNI



Heimild: Hagstofa Íslands

Afrakstur ramangreindra þriggja þátta síðasta áratuginn, er að kvikmynda- iðnaðurinn hefur fest sig í sessi í hópi mest gjaldeyrisskapandi atvinnu- greina landsins. Fagleg og styrk starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar undir stjórn Laufeyjar Guðjónsdóttur, skynsamlegar endurgreiðslureglur stjórn- valda og kynningarstarfsemi stofnana eins og „Film in Iceland“ hafa gert þessa uppbyggingu kleifa.

Kvikmyndaskóli Íslands hefur einnig gegnt mikilvægu hlutverki. Það er metnaðarfullt verkefni að starfrækja eina fagskólann á Íslandi sem ein- beitir sér 100% að kennslu í kvikmyndagerð. Flókinn og mjög sérhæfður iðnaður í hröðum vexti ásamt mikilli samkeppni um bestu nemendurna gerir stöðugar og ítrustu kröfur til skólans. Starfsheiti í kvikmyndagerð eru allt að 173 (sjá www.creativeskillset.org/creative_industries/film/job_roles) og skólinn með sínar fjórar deildir er með fókus á um 40 þeirra. Þetta kallar á gott gæðakerfi.

Einn af mikilvægustu þáttunum, sem gæðakerfi skólans kannar, er afdrif útskrifaðra nemenda. Það er gert með ýmsum hætti, m.a. með reglu- bundnum könnunum á hversu margir útskrifaðir starfa í tókuliðum þeirra íslensku bíómynda sem framleiddar eru. Eins er fylgst með með fjölda nemendamynda á kvikmyndahátíðum, hér heima og erlendis, verð- launum og viðurkenningum og ýmsu fleiru.

Erindi þessarar skýrslu er að kynna niðurstöður greiningar á þátttöku útskrifaðra í þeim bíómyndum sem kepptu um að verða framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna 2019.

1 | GREINING

Ástæða er til að nefna að framleiðsla íslenskra bíómynda er alls ekki mannfrekasta grein kvikmyndaiðnaðarins með innan við 20% af ársverkum greinarinnar. Leikin bíómynd í fullri lengd er engu að síður stóra formið, flaggskip kvikmyndalistarinnar. Enginn kvikmyndaiðnaður getur talist þroskaður sem ekki hefur reglubundna framleiðslu innlendra bíómynda í fullri lengd. Það skiptir því miklu máli fyrir listaskóla með mikinn metnað fyrir hönd sinna nemenda að þátttaka og hlutdeild þeirra í árlegri bíómyndaframleiðslu sé umtalsverð. Mat á atvinnuþátttöku í bíómyndum hefur því alltaf nokkurt umframvægi yfir kannanir í öðrum geirum (sjónvarp/auglýsingagerð ...). Skólinn verður setja sitt mark á þennan hluta ef hann ætlar að veita góða þjónustu.

1.1 MYNDIR Í KEPPNI UM FRAMLAG ÍSLANDS TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

Níu bíómyndir kepptu um að vera framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna 2019. Framleiðendur, sem setja myndina í keppnina, vænta þess að myndin eigi erindi í alþjóðlega dreifingu.

Andið eðilega

Leikstjóri: Ísold Uggadóttir
ZikZak

Svanurinn

Leikstjóri: Ása Helga Hjörleifsdóttir
Junafilm
Kopli Kinokompanii
Vintage Pictures

Lof mér að falla

Leikstjóri: Baldvin Z
The Icelandic Filmcompany

Kona fer í stríð

Leikstjóri: Benedikt Erlingsson
Slot Machine
Gulldrengurinn
Vintage Pictures
Köggull Filmworks

Víti í Vestmannaeyjum

Leikstjóri: Bragi Þór Hinriksson
SagaFilm

Vargur

Leikstjóri: Börkur Sigþórsson
RVK Studios

Sumarbörn

Leikstjóri: Guðrún Ragnarsdóttir
Ljosband Filmworks
Filmhuset Gruppen

Lói – þú flýgur aldrei einn

Leikstjóri: Árni Ólafur Ásgeirsson
GunHil
Cyborn

Rökkur

Leikstjóri: Erlingur Óttar Thoroddsen
Hero Productions
Myrkraverk Productions

1.2 UPPLÝSINGAÖFLUN

Upplýsingaöflunin var einföld. Safnað var saman upplýsingum af IMDb (internet movie database) en þar skrá framleiðslufyrirtækin upplýsingar um hverjir starfa við myndirnar (kreditlisti), og skráning gerð á nöfnum og titlum útskrifaðra nemenda. Af þessum níu myndum þá var safnað upplýsingum um sex og unnar niðurstöður út frá þeim. *Sumarbörn* höfðu ófullnægjandi skráningu, framleiðslan á *Lóa* er að stórum hluta með starfsheitum sem KVÍ menntar ekki til (teiknimynd), og *Rökkur* var að miklu leyti með erlendu tókuliði. Sex myndir eru því metnar sem fullnægjandi úrtak.

2 | NIÐURSTÖÐUR GREININGAR

Alls störfuðu 35 útskrifaðir nemendur og 4 sem ekki hafa lokið náminu í þessum sex myndum. 5 þeirra störfuðu í þremur myndum, 8 í tveimur myndum og 26 í einni mynd. Alls 57 störf. Að meðaltali fylltu nemendur 26% af töku- og vinnsluliði.

Hér að neðan eru helstu upplýsingar úr greiningu.

2.1 HLUTFALL ÚTSKRIFAÐRA Í STARFSLIÐUM

KVIKMYND	HEILDARFJÖLDI Í STARFSLIÐI	FJÖLDI KVÍ ÚTSKRIFAÐRA Í STARFSLIÐI	HLUTFALL
Andið eðlilega	28	10	37%
Svanurinn	33	12	39%
Lof mér að falla	39 27 leikarar	9 5 leikarar	23% 18% leikara
Kona fer í stríð	69 (mikið erlent)	7	10%
Víti í Vestmannaeyjum	34	9	26%
Vargur	24	5	21%
Hlutfall KVÍ útskrifaðra meðaltal:			26%

2.2 STARFSHEITI OG SKIPTING

ÚTSKRIFAÐRA Í VINNSLUDEILDIR BÍÓMYNDA

Alls vinnur KVÍ menntaða starfsliðið, 39 manns í 57 störfum, undir 28 starfsheitum. Kvikmyndavinnsla skiptist í þrjú tímabil; undirbúning, upptökur og eftirvinnslu (hugmyndavinna og handrit á undan, dreifing og sala á eftir). Langflest KVÍ tengdu störfin (áætlað um 75%) eru á upptökutímabilinu. Hefðbundið er að vinnslunni sé skipt niður á 5 til 7 deildir: Framleiðsludeild, leikstjórnardeild, kvikmyndatökudeild, leikmynda- og búningadeild, hljóðdeild og eftirvinnsludeild. Eftirvinnslan skiptist síðan í klippingu, hljóðhönnun, myndbreytingu/VFX, tónlist og grafík, (sýning, sala, dreifing og varðveisla). KVÍ menntaðir starfsmenn skiptast nokkuð jafnt niður á kvikmyndatökudeildir (19), framleiðsludeildir (15) og leikstjórnardeildir (15). Færri eru í leiklistardeildum (5), leikmyndadeildum (1) og eftirvinnslu/klippingu (2). Þetta fellur nokkuð vel að þeirri starfaflóru sem KVÍ menntar til (nánaar í niðurstöðum).

2.3 SKIPTING KVÍ ÚTSKRIFAÐRA STARFSMANNA

EFTIR DEILDUM SKÓLANS

Í Kvikmyndaskóla Íslands eru fjórar deildir. D1 Leikstjórn/Framleiðsla, D2 Skapandi tækni, D3 Handrit/Leikstjórn og D4 Leiklist fyrir kvikmyndir. Form skólans gerir ráð fyrir að deildirnar séu jafnar að stærð með um 30 - 40 nemendur sem skiptast á fjögur misseri. Deildirnar eru að 70% mjög sérhæfðar en 30% er kjarni sem tryggir grunnþekkingu allra nemenda á kvikmyndagerð og kvikmyndalist.

Skipting KVÍ útskrifaðra starfsmanna eftir deildum er eftirfarandi: D1 - 12 útskrifaðir, D2 - 11 útskrifaðir, D3 - 3 útskrifaðir og D4 - 11 útskrifaðir. Skiptingin er mjög jöfn sem sýnir að allar deildirnar eru virkar og jafnar. Hvað fái koma úr D3 á sínar eðlilegu skýringar í sérhæfingu deildarinnar. Taflan sýnir flæði nemenda úr deildum skólans inn í vinnsludeildir bíómyndagerðar.

SAMSPIL DEILDA SKÓLANS

VIÐ VINNSLUDEILDIR BÍÓMYNDA

SKÓLADEILDIR	FRAMLEIÐSLU- DEILD	LEIKSTJÓRNAR- DEILD	KVIKMYNDA- TÖKUDEILD	EFTIRVINNSLA / KLIPPING	LEIKMYNDA- DEILD	LEIKARAR
D1	8	9	1			1
D2			15	1	1	
D3	1	1				1
D4	5	4	3			3
Fyrri kerfi		1		1		

2.4 SKIPTING KVÍ ÚTSKRIFAÐRA STARFSMANNA EFTIR STARFSSVIÐUM

Útskrifaðir KVÍ nemendur gegndu 28 starfsheitum í þessum sex myndum sem greindar voru. Kvíkmyndagerð, eins og allar flóknar framkvæmdir, byggir á skýrum starflýsingum, stjórnunarkerfi og stéttaskiptingu. Í grófustu skiptingu má segja að stjórnkerfið sé þríþætt; a Yfirmenn deilda sem sitja svokallaðar „lykilstöður“ (framleiðandi, leikstjóri, kvíkmyndatökumaður, o.s.frv), b) Yfirmenn ákveðinna verkliða innan deilda eða valdamiklir aðstoðarmenn (Yfirgripill, 1. aðstoðarleikstjóri, framkvæmdastjóri) og c) Sérhæft aðstoðarfólk innan allra deilda (2. aðstoðarleikstjóri, aðstoð við framleiðslu).

Í þáttum a og b eru starfsmenn sem hafa með beinum hætti áhrif á listræna vinnslu verksins. Þeir hafa allir mikla reynslu og sérhæfingu á sínu sviði. Þáttur c inniheldur almennari störf, reynsluminna starfslíð og nýliða.

Töflurnar sýna hvaða störf KVÍ útskrifaðir inntu af hendi og greining á hvernig þeir skiptust milli flokka. Athuga þarf að þar sem upplýsingarnar eru fengnar af enskum vef, þá eru starfsheitin á ensku. Hluti er þýddur á íslensku.

KVIKMYNDATÖKUDEILD

19 STÖÐUR

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
1st AC	1. aðstoðartökumaður	4	2
2nd AC	2. aðstoðartökumaður	5	3
Best boy	Aðstoðarmaður ljósameistara	3	2
Light	Ljósamaður	1	3
Key grip	Yfirgripill	3	2
Grip	Gripill	3	3

FRAMLEIÐSLUDEILD

15 STÖÐUR

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
Property master	Umsjónarmaður leikmuna	3	3
Location manager	Tökustaðastjóri	1	3
Executive producer	Aðalframleiðandi	2	2
PA	Aðstoð framleiðanda	7	3
Assistant location manager	Aðstoð tökustaðastjóra	1	3
Production manager	Framleiðslustjóri	1	2

LEIKSTJÓRNARDEILD

15 STÖÐUR

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
Casting Director	Leikaraval	2	2
Location scout	Tökustaðaleitarmaður	2	3
Location scout assistant	Aðstoð tökustaðastjóra	2	3
Script supervisor	Skrifta	1	2
Extra casting	Ráðning aukaleikara	1	2
Acting coach	Leikarabjálfari	1	2
2nd AD	2. aðstoðarleikstjóri	2	3
3rd AD	3. aðstoðarleikstjóri	2	3
1st AD	1. aðstoðarleikstjóri	1	2
Director	Leikstjóri	1	1

EFTIRVINNSLUDEILD / KLIPPING

2 STÖÐUR

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
Editor	Klippari	1	1
Assistant editor	Aðstoðarklippari	1	2

LEIKMYNDADEILD

1 STAÐA

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
Set Dresser	Sviðsskreyting	1	2

LEIKARAR

5 STÖÐUR

TITILL	TITILL Á ÍSLENSKU	FJÖLDI STARFA	STJÓRNUNARSTIG
Actor	Leikari	5	2

2 á stjórnunarstigi 1. 28 á stigi 2. 27 á stigi 3. Samtals 57 stöður

2.5 ÚTSKRIFTARÁR KVÍ MENNTAÐRA STARFSMANNA Í BÍÓMYNDAFRAMLÆIÐSLU 2018

Við athugun á hvenær KVÍ útskrifaðir starfsmenn hefðu útskrifast kom nokkuð athyglisvert í ljós:

ÚTSKRIFTARÁR	FJÖLDI STARFSMANNA Í BÍÓMYNDUM 2017/18 - ÚTSKRIFAÐIR ÞAÐ ÁR
1997	1
2002	1
2009	2
2010	2
2011	7
2012	4
2013	4
2014	3
2015	3
2016	3
2017	6

1 starfsmaður er útskrifaður af 3 mánaða námskeiði árið 1997 á upphafsárum skólans og annar árið 2002 þegar skólinn var einungis 1 önn. Árið 2007 er núverandi 4ra deilda kerfi komið á og fyrstu nemendur útskrifast 2009. KVÍ á fulltrúa frá öllum útskriftarárum síðan þá, í töku- og vinnsluárið 2018. Það verður nánast að teljast tilviljun því töluverður hreyfanleiki (starfsmannavelta) einkennir mannahald framleiðslunnar frá ári til árs. Það sýnir þó ákveðið jafnvægi í gæðum skólastarfsins að öll ár skuli gefa af sér kvikmyndagerðarmenn sem starfa í fremstu röð við bíómyndaframleiðslu.

3 | NIÐURSTÖÐUR

ÁLYKTANIR & VÍSBENDINGAR

3.1 GÓÐ UPPSKERA KVÍ

STARFSEMIN SKAPAR FESTU & VÖXT

Ótvírátt mikilvægi útskrifaðra nemenda KVÍ við íslenska bíómyndaframleiðslu. 26% starfahlutfall. Það rímar við niðurstöður síðustu ára sem sýna svipað og hærra hlutfall. Stöðugt streymi nemenda er þannig grundvallarstoð í framleiðslunni. Enn frekar staðfestist það með skoðun á dreifingu útskrifaðra, þar sem starfsmenn koma frá öllum útskriftarárgöngum frá því skólinn hóf starfrækslu í núverandi mynd með fjórar sérhæfðar deildir árið 2007, með fyrstu útskrift 2009. Það er greinilegur ferill í gangi þar sem þeir sem útskrifast fyrr hafa unnið sig upp. Margir af þeim skipa mjög mikilvægar stöður innan framleiðslunnar og hafa nú orðið mikla reynslu. Þau tvö sem útskrifuð eru árið 2009, eru Bergþóra Ólöf Björnsdóttir, útskrifuð úr leiklistardeild og Viktor Davíð Jóhannsson úr skapandi tækni þar sem hann lagði áherslu á kvikmyndatöku. Bæði afbragðsnemendur sem luku góðum prófum og hófu strax að vinna við bíómyndir. Nú áratug síðar eru þau orðin eftirsótt í mikilvæg grundvallarstörf með margra bíómynda reynslu að baki. Þau hafa ótvírátt sett mark sitt á bíómyndagerð síðustu ára. Ekki má gleyma að þau vinna við listgrein á mjög háu kaliberi, eins og alþjóðleg verðlaun, dreifing og vinsældir staðfesta.

Marga fleiri má nefna af listanum sem eru að ná frábærum árangri í háum stöðum. Árangur nemandans eru bestu laun hvers skólamanns. Langur listi útskrifaðra nemenda, sem við vitum að eru hæfileikaríkir og tilbúnir, við störf í íslenskum bíómyndum 2018 eru mikils virði fyrir alla sem starfa við Kvikmyndaskóla Íslands. Á sama tíma leggur það á skólann ábyrgð að standa sig sífellt betur og halda flæðinu stöðugu.

3.2 NÁKVÆMNI Í HÖNNUN SKILAR SÉR Í SÉRHÆFINGU

Þetta er í fyrsta skipti sem gæðaprófið greinir nákvæmlega árangur einstakra deilda gagnvart ráðningum í störf í bíómyndir eins árs. Jafnframt voru störfin greind inn í deildir kvikmyndaframleiðslunnar, þannig að hægt er að kanna flæðið úr deildum skólans inn í deildir framleiðslunnar. Hönnun námsins, skólastefna og öll starfsemi miðar að því að afhending menntunar sé nákvæm og vel skilgreind hæfni við útskrift. Sú sérhæfða hæfni á síðan að opna leiðir inn á ákveðnar brautir atvinnulífsins þar sem sérhæfingin nýtur sín. Það er vandasamt að þjóna hinum margbrotna kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði með sínum fjölmörgu starfsheitum. Það er líka vandasamt að uppfylla drauma, vonir og þrár íslenskra ungmenna með sinn margbreytilega bakgrunn og metnað. Upplýsingar um virkni deilda og á hvaða sérsvið útskrifaðir ráða sig eru mikilvægar til að meta hvernig til hefur tekist við afhendingu menntunar (mjög mikilvægar fyrir þá sem stýra námskráruppfærslum).

Niðurstaðan er að það er mjög skýr lína frá deildum 1, 2 og 4 inn á þau sérsvið sem þau mennta til.

D1. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að D1 Leikstjórn/Framleiðsla skiptir útskrifuðum jafnt á milli sérgreina sinna. Lengi hefur verið vitað að skólinn yrði að leggja áherslu að mennta nemendur inn í framleiðsludeildir iðnaðarins, þar sem mikil þörf er fyrir fagfólk og áhrif þess eru mikilvæg fyrir samfellu og vöxt í greininni. Sterk vísbending er um að þetta hafi tekist hjá D1. Hér eiga heiður stórir mótunaraðilar og forsetar deildarinnar á síðasta áratug, framleiðendurnir Hera Ólafsdóttir í upphafi og síðar Hlín Jóhannesdóttir. Þetta er heilmikill árangur því það er ekki gefið að ná góðum nemendum inn á framleiðslulínuna í samkeppni við leikstjórnann.

D2. Skapandi tækni skilar nemendum sínum að 90% inn í tæknihluta kvikmyndanna og margir nemendur eru mikilvirkir og í háum stöðum. Sláandi er þó að af 4 sérgreinum deildarinnar (kvikmyndataka, hljóðvinnsla, klipping og myndbreyting) þá eru allir utan 3 í kvikmyndatökudeildum. Greinilegt er að áhrif stjórnenda (Guðmundur Bjartmarsson kvikmyndatökumaður, rektor 2003 til 2006, Hálfván Theórsson kvikmyndatökumaður og deildarforseti 2007 til 2012 og síðan lykilkennari Jonathan Devaney kvikmyndatökumaður sem starfað hefur við skólann um árafjöld, eru mikil. Að sama skapi má sakna virkari þátttöku nemenda í hljóðdeild, bæði í upptökum og eftirvinnslu, klippideild og myndbreytingu (sett inn 2014). Að einhverju leyti hefur verið brugðist við þessu með sterkum fagstjórum í báðum sérgreinum; Kjartan Kjartansson í hljóði og Valdís Óskarsdóttir í klippingu. Miklar væntingar eru bundar við árangur þeirra og að þessi hlutföll lagist skjótt.

D3. Handrit/leikstjórn er einungis með 3 starfsmenn. Að einhverju leyti er þetta skiljanlegt. D3 er kvikmyndahöfundadeildin og þau eru miklu virkari við sjálfstæða vinnu. Útskrifaðir af D3 eru þannig með langhæst hlutfall stuttmynda sem sýndar eru á kvikmyndahátíðum. Niðurstaðan er samt vísbending um að auka þurfi stuðning við útskrifaða af deildinni, því margir þeirra eiga heima í leikstjórnardeildum bíómynda og gætu gert mikið gagn og öðlast reynslu.

D4. Leiklist fyrir kvikmyndir. Stórtíðindi eru að 4 leikarar skuli hafa hlotið hlutverk í vinsælli mynd (Lof mér að falla). Leiklistardeildin er annars að ná frábærum árangri í iðnaðinum almennt. Leiklistarmenntaður starfsmaður með grunn í almennt kvikmyndagerð, hefur auðvitað margvíslega hæfni til að starfa bæði í leikstjórnar- og framleiðsludeildum. Það sýnir sig t.d. í stöðu Haraldar Ara Karlssonar sem aðstoðarleikstjóra í *Víti í Vestmannaeyjum* og Kristínu Leu Sigríðardóttur sem leikarapjálfari í *Lof mér að falla* - hvor tveggja mjög ábyrgðarrikar stöður sem krefjast reynslu og hæfni. Almennt kemur deildin mjög sterkt út með starfsmenn bæði í framleiðsludeild (5), leikstjórnardeild (5) og tæknideild (3) auk leiklistarinnar sjálfar og sannar rækilega tilverurétt sinn.

3.3 ÚTSKRIFAÐIR Í ÁBYRGÐARSTÖRFUM

Greiningin gerði ráð fyrir þriggja laga stjórnunarkerfi þar sem 2 útskrifaðir voru í fyrstu lykilstöðum, 28 á annarri og 27 í þriðju. Fyrst verður að nefna að í hinum fámennu íslensku tókuliðum, þá er lítið bruðl í mannaráðningum. Þeir sem ráðnir eru hafa allir ríkum skyldum að gegna. Öllum stöðunum í stjórnlagi 2 fylgir rík ábyrgð með skýrri skilgreiningu. Sama á við um flestar stöður á stjórnunarstigi 3.

Stjórnunarstig 1 er svokallaðar lykilstöður. Þær eru mjög fáar en mjög eftirsóknarverðar vegna þeirrar beinu listrænu aðkomu sem viðkomandi starfsmenn hafa að mótun verksins. Allir lykilstjórnendur vinna að kvikmyndalist með iðnaðinn sem umgjörð. Lykilstöður eru betur launaðar og þeim geta fylgt margvíslegar viðurkenningar. (Kvikmyndasagan kennir okkur að sífelld togstreita ríkir milli framleiðandans og leikstjórans um hvor sé aðalstjórnandi (final cut)). Íslensk bíómyndamyndahefð fylgir kenningum frönsku nýbylgjunnar frá 7. áratug síðustu aldar um leikstjórnann sem aðalhöfund og stjórnanda. Ekki er þetta þó klippt og skorið enda kvikmyndagerð grundvölluð á samvinnu. En meginreglan er að leikstjórinn hafi síðasta orðið.)

Kvikmyndaskólinn sinnir grunnkennslu í kvikmyndagerð og staðsetur sig á brúnni milli framhaldsskóla og háskóla (framhaldsnám í framhaldsskóla eftir stúdentspróf/grunnám háskólastigs).

Skólinn vinnur með breiðan flokk nemenda (yngri flokkarnir eins og sagt er í íþróttunum) og við útskrift úr tveggja ára námi er yfirleitt ekki hægt að reikna með að þeir komist beint í lykilstöður. Þó eru nokkur dæmi um það.

Leiðin að lykilstöðum í kvikmyndaiðnaðinum er margvísleg og oft mjög óhefðbundin. Langalgengasta leiðin er þó í gegnum nám í kvikmyndaskólum eða öðrum listaskólum (myndlist, tónlist). Gráður frá skólum ráða þó sjaldan úrslitum þegar ráðið er í lykilstöður í bíómyndum, þar er fyrst og fremst horft til reynslu og hæfni sem hefur verið sannreynd í verkum.

Kvikmyndaskóli Íslands á tvö nöfn í lykilstöðunum þetta árið. Ísold Uggadóttir, Andið eðlilega. Ísold lauk BFA námi í kvikmyndagerð frá Columbia háskólanum í New York 2011. Fyrsta kvikmyndanámið hennar var þó í Kvikmyndaskólanum fyrir 20 árum síðan og hún ung að árum. Úlfur Teitur Traustason klippari í Lof mér að falla sem er hans fyrsta bíómynd sem aðalklippari. Hann hefur verið mjög virkur klippari í sjónvarpi síðan hann stundaði nám við Kvikmyndaskólann árið 2002.

Ferill Ísoldar og Úlfs Teits sýnir hvað leiðin getur verið löng að fyrstu lykilstöðunni í bíómynd. Metnaður Kvikmyndaskólans liggur til þess að lágmark fjórðungur af lykilstöðum sé mannaður fólki sem sótt hefur sitt grunnám til skólans.

3.4 FYRIRSTÖÐUR Í NÁMSFERLUM NEMENDA

Ástæða er til þess að greina hvort fyrirstöður eru í ferli nemenda að lykilstöðum.

1. Fyrst verður að nefna að þeir sem gegna lykilstöðum hafa nær undantekningalaust áratuga reynslu í faginu og þetta er fámennur hópur. Enn eru einungis 9 ár frá fyrstu útskrift í núverandi fjögurra deilda skipulagi. Nú þegar eru nokkrir tugir mjög hæfileikaríkir KVÍ útskrifaðir kvikmynda-gerðarmenn sem banka fast á dyr. Þetta tekur tíma eins og ferlar Ísoldar og Úlfs Teits sýna. Næsti áratugur mun skera úr um árangurinn.

2. Langalvarlegasta fyrirstaðan er fólgin í þeim flöskuhálsi sem nemendur lenda í þegar þeir ætla að halda áfram í framhaldsnám eftir útskrift frá KVÍ. Námið er

mjög góður undirbúningur fyrir meistaranám í kvikmyndaakademíum víðsvegar um heim og margir útskrifaðir hafa fengið nám sitt metið þar inn.

Vandi Kvikmyndaskólanema er að þeir hafa ekki lokið BA gráðu, sem er almenna inntökuskilyrðið í MA nám. Námið við KVÍ er tvö ár, 120 einingar á 4. þrepi sem má meta til háskólaeininga af viðurkenndum háskóla. Nemendur þurfa nauðsynlega að geta bætt við sig 3. árinu og fá formlega viðurkenningu á BA gráðunni. Lausnin var fundin með samkomulagi við Háskóla Íslands, að skólinn bætti við þriðja árinu í kvikmyndafræði og viðurkenndi einingar KVÍ. Þrátt fyrir yfirlýstan vilja aðila þá hefur ekki tekist að koma samkomulaginu í framkvæmd. Hindrunin virðist vera í menntamála-

ráðuneytinu, en engar laga- eða reglugerðarfyrirstöður eru fyrir samstarfinu. Þessi hindrun skaðar námsferil fjölmargra ungmenna, því flæðið í meistaranámið erlendis (og kannski einhvern tímann hér heima) verður miklu einfaldara ef leiðin til að ljúka fullu grunnnámi er skýr. Til lengri tíma stórskaðar þetta einnig atvinnugreinina. Það vantar stöðugt fólk með meiri sérhæfingu og skólakerfið þarf að geta sinnt því. KVÍ nemandi, sem útskrifast í dag, stígur út í óvissu þegar kemur að leiðum í framhaldsnám. Þetta þarfnast skjótrar lagfæringar. Möguleikar Kvikmyndaskólans til að mennta starfsfólk í lykilstöðum í framtíðinni margfaldast ef leiðin til framhaldsnáms er greið.

Dæmi um skóla þar sem nemendur útskrifaðir frá KVÍ hafa sótt meistaranám:

Falmouth University, Cornwall - Bretland
The Oxford School of Drama, Oxfordshire
Columbia University - New York

Nation Film and Television School London
Central School of Speech and Drama
Rada – London MA

Den norske filmskolen
Vancouver Film School

4 | ÚRBÓTAÁÆTLUN

Greiningin veitir margvíslegar upplýsingar sem lúta að ýmsum þáttum starfseminnar. Endanleg úrvinnsla bíður starfsfólks og stjórnenda á næstu vikum og misserum. Hér skulu nefnd atriði sem segja má að séu sjálfsögð og ein hugmynd að auki.

1. Það er forgangsmál að koma á samstarfi við háskóla og veita útskrifuðum greiða leið í framhaldsnám.

2. D2 - Skapandi tækni þarf að einsetja sér að ná jafngóðum árangri í hljóðvinnslu, klippingu og myndbreytingu, eins og deildin gerir í kvikmyndatöku.

3. D3 - Handrit/Leikstjórn þarf að byggja upp stuðningskerfi til að hvetja leikstjóra til að sækja sér reynslu í bíómyndum.

4. D4 - Leiklist hefur nokkrum sinnum átt leikara í aðalhlutverkum, en engan þetta árið. Efla þarf kynningarstarf útskrifaðra leikara, því stór hópur af hæfileikafólki er útskrifaður. Einnig á að setja inn stoðnámskeið í leiklistardeild um vinnu í leikstjórnardeildum í ljósi þess árangurs sem leikarar eru að ná á þeim vettvangi.

5. Stofna þarf afreksmannahóp KVÍ - útskrifaðir sem unnið hafa í 10 bíómyndum eða fleirum. Þessi hópur þarf að njóta fræðslu, virðingar, fríðinda og stuðnings svo halda megji honum í framvarðarsveit.

5 | EFTIRMÁLI

Jákvæðustu vísbendingarnar í könnuninni er hversu vel sérhæfing deilda skólans á við deildir bíómyndaframleiðslunnar. Uppbygging og hönnun námsins virkar.

Meðaltal framleiddra íslenskra bíómynda hefur hækkað um tæplega tvær myndir á ári á þeim áratug sem skólinn hefur starfað í núverandi mynd, úr 6,7 '99 – 08, í 8,3 '08 - '18. Kvikmyndaskólinn á beinan hlut í þessari stækkun.

Möguleikar Íslendinga til að byggja upp arðbæran kvikmyndaiðnað á þeim hröðunartímum sem nú er í allri miðlun eru miklir. Kvikmyndaskóli Íslands er einungis lítið tannhjól í þeirri heimsm mynd allri. En stöðug leit að hæfileikaríku fólki, nákvæm menntun og þjálfun nemenda til árangurs í störfum mun alltaf skipta miklu máli..

Niðurstöður þessarar könnunar um þátt KVÍ menntaðra í bíómyndaframleiðslu 2018 eru verulega hvetjandi. Við bætist að útskrifaðir eiga 6 af 12 stuttmyndum sem sýndar eru á Riff kvikmynda hátíðinni í ár, og 13 af 22 á Northern Wave hátíðinni. Útskrifaðir nemendur eru frumkvöðlar að menningarstarfi eins og Gamanmyndahátíðinni á Flateyri og „Frostbiter“ hryllingsmyndahátíð á Akranesi sem báðar eru að festa sig í sessi. Og Kvikmyndaskóli Íslands var í 14. sæti í árlegri kvikmyndasamkeppni Cilect samtakanna, sem eru alþjóðasamtök 180 bestu kvikmyndaskóla heims þar sem skólinn er meðlimur. KVÍ var þar efstur Norðurlandapjóðanna.

Kvikmyndaskóli Íslands undir stjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar rektors er á mjög spennandi vegverð.

Böðvar Bjarki Pétursson, formaður stjórnar KVÍ sá um greiningu og skrif þessarar skýrslu. Hrafnkell Stefánsson, námstjóri og Sigrún Gylfadóttir verkefnisstjóri ásamt Ólöfu Ásu Böðvarsdóttur ritara sáu um upplýsingaöflun og greiningarvinnu. Óskar Arnarson sá um uppsetningu.

Kvikmyndaskóli Íslands 1. október 2018

